



SAGA2YA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2024

Kennari: Elvar Ingimundarson, Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: ELI, LB og TDT

Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingum fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Áfanginn er án lokaprófs.

Kennsluefni

Íslands- og mannkynssaga 2, Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir,
Iðnú: <https://www.idnu.is/vara/vefbok-islands-og-mannkynssaga-2/>

Yfirferð

Vika	Efni	Verkefni og próf
1 (5. - 12. jan)	Kynning á áfanga 1. Byltingar og stríðstímar	
2 (15.- 19. jan)	2. Frá Vínarfundi til Þjóðfundar	Verkefni
3 (22.- 26. jan)	3. Iðnbylting og borgarlíf	Verkefni um orsök og afleiðingu
4 (29.jan - 2. feb)	4. Íslenskt samfélag á 19. öld A-hluti og B- hluti	Fréttaverkefni
5 (5.-9. feb)	5. Þjóðerni, ríkjamyndun og sjálfstæðisbarátta	Skilaverkefni
6 (12. - 16. feb)	6. Vesturheimsferðir og nýlendustefna	Míkróverkefni
7 (19. - 23. feb)	Prófavika	Próf 1
8 (26.feb - 1. mar)	7. Aldamót	Flóafár og Kátir dagar
9 (4.-8. mar)	8. Stormasöm ár A- hluti og B-hluti	
10 (11. - 15. mar)	Verkefnavika	Hópverkefni
11 (18.- 22. mar)	9. Mannkynssagan tekur nýja stefnu 10. Heimsstyrjöldin seinni	

12 (2. – 5. apr)	11. Austur og vestur	
13 (8.– 12. apr)	Prófavika	Próf 2
14 (15.– 19. apr)	Skilaverkefni - míkroverkefni	
15 (22.– 26. apr)	Verkefnavika	Viðtal við eldri ættingja
16 (29.apr – 3. maí)	15. ný öld	Verkefni
17 (6. – 8. maí)	Skráp	

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum í sögu Íslands og heimsins á 19. og 20. öld
- orsökum og afleiðingum þeirra atburða sem einkenna þetta tímabil og hafa mótað samfélagið eins og við þekkjum það í dag
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa faglegan texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt
- færa rök fyrir niðurstöðum
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði sögunnar við okkar tíma
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2004 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru.

Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Ef nemandi kemst ekki í tíma vinnur sá einstaklingur upp verkefni þess tíma. Ef verkefni er stolið/tekið frá öðrum fær verkefni 0. Ef grunur er um notkun gervigreindar þarf nemandi að gera munnlega grein fyrir verkefninu og hvernig það var unnið.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og yfirferð/leiðréttingar	25%
Skilaverkefni	Tímaverkefni, skilaverkefni	25%
Próf	Skrifleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 4. janúar 2024, Elvar Ingimundarson, Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson